

Nd.

428. Lög

um viðauka og breyting á lögum nr. 13 frá 8. júní 1925, um sektir.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl).

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Valdsmaður sá, er annast fullnustu sektardóms, hefir heimild til þess að láta afplána sekt, sem eigi er greidd, í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í helmingi skemri tíma en ef um einfalt fangelsi er að ræða, ef hann telur það hentara og læknir telur dómfeldan þola þá fangelsisrefsingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til allra sektarrefsinga, sem eigi eru greiddar eða afplánaðar þegar þau koma í gildi. Þó þarf samþykki dómfelda til þess að breyta afplánun frá því, sem dómnr eða sætt ákveða, ef dómurinn er kveðinn upp eða sætt gerð áður en lög þessi öðlast gildi.